



Mælavæðing þéttbýliskjarna í Skagafirði.

Hitaveita Sauðárkróks sem tók til starfa 1953 er ein elsta veita á landinu sem enn notast við hemla. Aðrar veitur sem byrjuðu með hemla áratugum seinna hafa allar skipt yfir í rennismæla. Hemlakerfið er og verður einna helst notað í jaðarbyggðum og í sumarhúsabyggð í dreifbýli.

Framleiðandi AVD lokanna sem Skagafjarðarveitur hafa notast við í hemlagrindur sínar hefur staðfest að framleiðsla á þeim verði hætt. Tilraun hefur verið gerð með aðra gerð loka sem hafa reynst illa vegna óreiðanleika og hárrar bilanatíðni með tilheyrandi óþægindum fyrir viðskiptavinum.

Mælarnir sem settir verða upp á vegum Skagafjarðarveitna eru framleiddir af danska fyrirtækinu Kamstrup. Þetta eru svokallaðir rafeindamælar sem mæla rennsli í gegnum mælinn með hljóðbylgjumælingu. Mælirinn er þannig útbúinn að hann mælir bæði rennsli og fram- og bakrásarhita sem gerir það að verkum að einnig er mögulegt að mæla orkunotkun í KWh. Notkun viðskiptavini Skagafjarðarveitna verður þó áfram mæld í m³ eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir að lesið verði af mælunum einu sinni á ári og notkun áætluð fyrir ár í senn þannig að greiðslur verði jafnar yfir árið.

Þessi breyting mun hafa í för með sér breytingar hjá viðskiptavinum, bæði til hækkunar og lækkunar á kyndikostnaði. Fer það eftir því hvort notendur hafa keypt hæfilega, naumt eða ríflegt magn af heitu vatni til hitunnar miðað við stærð húsnæðis og hvort mikil neysluvatnsnotkun hefur verið til staðar.

Sölukerfi hemla í Skagafirði er byggt upp á 53,2% ársnýtingu á heitu vatni í gegnum hemil. Þetta þýðir það að hús sem kaupir í dag 3 lítra á mínútu í gegnum hemil geta tekið út 180 lítra á klukkustund, 4.320 lítra á sólarhring eða 129.600 lítra á mánuði. Skagafjarðarveitur tryggja viðskiptavinum sem kaupir 3 lítra á mínútu því um 130 þúsund lítra á mánuði en hann ætti samkvæmt nýtingarhlutfallinu að nota um 53,2% af því magni eða um 69 þúsund lítra (69 m³). Þessi viðskiptavinur á því að geta notað að jafnaði 69 þúsund lítra á mánuði yfir árið án þess að kostnaður aukist. Hafi hinsvegar notkunin verið meiri en 53,2% að jafnaði í gegnum hemilinn og notkunin helst óbreytt mun kostnaður viðskiptavinar aukast. Viðskiptavinir geta þó ráðið ferðinni nokkuð eftir að mælar eru komnir á með því að fylgjast með notkuninni og hitastigi í húbýlum sínum. Þeir sem eru með heita potta og hafa notað sírennsli í þá gætu þurft að breyta mynstrinu á þeirri notkun. Nauðsynlegt er að húsráðendur láti yfirfara hitakerfi sín og tryggi að það séu jafnvægisstillt til að tryggja sparnað og eðlilegan rekstur.